

gömul, María að nafni. Móðir þeirra var dáin 6 mánuðum ádur en faðir þeirra flutti sig til þorpsins. Nú höfðu þau ekki átt þarna heima nema litinn tíma. Heimilið var lítið hús, brúnt á lit, með 4 herbergjum. Börnunum fanst þar vera dimt og ein-manalegt.

Walton hafði fengið vinnu. En var óánægður með hana. Vildi því gjarnan komast að annarri stöðu.

Þá var það einn laugardag að áliðnum degi, að hann fékk bréf. Hann var nýkominn heim, og ætlaði sér að vera heima það, sem eftir var af deginum, hjá börnunum sínum móðurlausu, þeim og sjálfum honum til ánægju. Í bréfinu stóð, að honum stæði til boða betri staða, en nauðsynlegt væri, að hann kæmi þegar. En til bæjar var að fara, 30—40 mílur í burtu. Hann bregður við og fer samstundis á stað. Börnin skilur hann eftir ein. Á elsta dóttir hans, María, að sjá um þau og heimilið. Hann segir þeim, að þau megi ekki búast við sér heim aftur fyrr en næsta dag.

Nú líður á daginn og komið er að kvöldi. Þá skellur á riðning með ofviðri, svo að hrikir í hurðum og gluggum. Börnin verða hrædd, og getur María, þó hún reyni, ekki leynt hræðslu sinni.

„Hvar ætli pabbi hafi látið peningana sína, þegar hann fór?“—spurði Hagbarður, sem næstur var Maríu að aldrí.

„Þeir eru undir gólfteppini hjá legubekknum,“—sagði María. — „En ef ræningjar koma, skjóta þeir okkur, neima við segjum þeim til þeirra. Pabbi sagði frá manni, sem komið hafði á eftir honum, þegar hann var að koma heim. Og sama manninn hafði hann séð inni í afgreiðslustofunni, þegar honum voru borgaðir peningarnir hans. Eg er svo hrædd um, að hann komi nú í kvöld meðan pabbi er burtni.“

„Æ, eg vildi, að pabbi hefði ekki þurft að vera að fara burtni frá okkur!“—agði Elsa litla.

„Je' e' so syfjaður!“—sagði litill Teddi, minstur allra í hópnum. María tók litla bróður sinn og fór með hann inn í svefnherbergið, til þess að afklæða hann; en rétt í því heyrist barið hart á dyrnar. Börnin verða öll skjalfandi hrædd. María hressir þó upp hugann og segir: „Við verðum að opna. En við megum ekki láta sjá neitt á okkur, að við séum hrædd. Þið vitið lika, að guð sér um okkur.“

Svo lýkur hún upp. Og inn kemur hár maður sterklegur, skuggalegur á svip og hvassseygður. Hann horfir snarlega í kring um sig. Svo spryr hann: „Má eg vera hér í nótt, stúlka litla? Eg ætlaði mér til borgarinnar; en veðrið er svo slæmt,